Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Léttis 2009



Í Æskulýðsnefnd Léttis 2009 eru:

Andrea Þorvaldsdóttir formaður

Rósa Dagný Benjamínsdóttir

Inga Bára Ragnarsdóttir

Hugrún Ívarsdóttir

Sigríður Kristín Sverrisdóttir

Höskuldur Jónsson

Magnús Árnason

Ólafur Svansson

Vetrarstarf Léttis hefur blómstrað síðan Reiðhöllin var tekin í notkun og er frábært að sjá áhugann hjá krökkunum og foreldrum þeirra. Framfarir á reiðnámskeiðum hafa verið miklar og hlakkar okkur til að sjá starfið blómstra á næstu árum. Hér á eftir verður talið upp það sem helst var gert síðast liðinn vetur.

Janúar:

Þann 25 janúar var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga á La Vita e Bella. Mætingin var mjög góð og skemmtu allir sér vel. Við veittum öllum viðurkenningu um þátttöku í vetrarstarfi 2008 og viðurkenningar fyrir góða mætingu og mestu framfarirnar á reiðnámskeiði. Þá var einnig valinn knapi ársins í barna og unglingaflokki. Í þetta sinn var það Guðlaugur Ari Jónsson sem fékk viðurkenningu fyrir bestu mætinguna og Tómas Gíslason sem tók mestu framförunum. Stefanía Árdís Árnadóttir var valinn knapi ársins í Unglingaflokki og Eyrún Þórsdóttir var knapi ársins í barnaflokki.



hópurinn á La Vita e bella



Guðlaugur, Tómas, Stefanía og Eyrún

Febrúar

Þann 20 febrúar héldum við okkar árlega Bingó. Mætingin á Bingó er alltaf góð og voru vinningar veglegir að vanda.

Reiðnámskeiðin okkar byrjuðu í febrúar og var mætingin góð. Reiðkennari þetta árið var Lina Eriksson sem útskrifaðist úr Hólaskóla 2008. Lina er frábær kennari og voru krakkarnir mjög ánægð hjá henni. Um 30 börn voru á námskeiðinu. Kennt var í nokkrum hópum 2 daga í viku fram í júní.

Einnig kenndum við Knapamerki 1, 2 og 4

Lina kenndi Knapamerki 2 og 4 og Sara Arnbro sem einnig er reiðkennari frá Hólaskóla kenndi Knapamerki 1. Þess má geta að allir knaparnir útskrifuðust með frábærar einkunnir eftir veturinn.



Agnar Páll

Mars

Í mars hófust æfingar fyrir æskan og hesturinn sem að þessu sinni var haldin á Akureyri. Æfingarnar hófust á því að krakkarnir mættu hestlaus og löbbuðu prógrammið nokkrum sinnum. Þetta gekk vel og voru það krakkar úr unglingaráði Léttis sem sáum um að hanna atriðið og búningana á krakkana með smá afskiptum reiðkennara og fulltrúa æskulýðsnefndar.

Apríl

Þann 11 apríl var haldið mót í samstarfi við Lífland. Mótið var kærkomið og skemmtilegt. Mikil þátttaka var á mótinu og skemmtu allir sér vel.

Ákveðið var að hafa þetta mót árlegt með stuðningi frá Líflandi. Þess má geta að allir gáfu vinnu sína við þetta mót.



Verðlaunagripirnir frá Líflandi



Hulda Lillý og Slæða

Maí

Léttir og hestamannafélögin í Skagafirði hafa gert með sér samning um að halda sýninguna til skiptis í Skagafirði og á Akureyri. Nú var komið að því að halda sýninguna í fyrsta sinn á Akureyri. Undirbúningurinn var mikill og er óhætt að segja að allt hafi tekist vel nema veðrið var aðeins að stríða okkur og vorum við ekki alveg nógu vel undir það búin en við verðum það næst.







Þann 23. Maí heldum við okkar árlega Goðamót. Mótið hefur fest sig í sessi og var þátttakan góð. Mótið er skemmtilegt og endar á grillveislu í boði Goða.



Ólafur Göran og Fjöður



Þóra og Gæi

28. maí var lokatíminn á reiðnámskeiðinu og í stað hefðbundinnar kennslu héldum við æfingamót þar sem krakkarnir kepptu eins og um hefðbundna íþróttakeppni væri að ræða en ekki voru gefnar neinar einkunnir heldur gáfu dómararnir Lina og Andrea (báðar með íþróttadómararéttindi) umsagnir um hvern knapa og hest. Eftir mótið var svo haldinn knapafundur með pizzum þar sem krakkarnir fengu miða með sinni umsögn t.d. hvað var gott og hvað má bæta. Þetta fannst krökkunum skemmtilegt og fræðandi.

Júní

Þann 4.júní afhenti Sjóvá reiðskólum Léttis og Káts öryggisvesti að gjöf fyrir alla krakka sem sækja reiðnámskeið þessara aðila. Öryggisvestin eru vörn sem tryggja að þeir krakkar sem fara í Reiðskóla Léttis og Reiðskólann Kát eru í besta hugsanlega öryggisbúnaði. Öryggisvestin verja knapa fyrir slysum og höggum sem geta hlotist þegar t.d. dottið er af baki, eins og rifbeins- og viðbeinsbrotum, ásamt bakmeiðslum. Öllum börnum og unglingum sem sækja þessa reiðskóla munu framvegis vera gert að nota öryggisvestin.

Mikil umræða hefur skapast um öryggismál hestamanna undanfarin ár og er það trú hestamanna að mikil aukning verði á notkun öryggisbúnaðar í hestamennsku á næstu árum. Þessi öryggisvesti eru nýjung hér á landi en mjög góð reynsla er af þeim erlendis. Vestin eru gefin í tilefni þess að Hestamannafélagið Léttir á Akureyri er 80 ára og af því tilefni var tekin í notkun ný og glæsileg reiðhöll, sem er stærsta reiðhöll landsins. Gera má því ráð fyrir að þátttakendum á reiðnámskeiðum fyrir norðan muni fjölga mikið á næstunni.

Við þökkum Sjóvá kærlega fyrir góða gjöf.



Frá afhendingu öryggisvestanna

Júlí

Helgina 24-26 júlí var haldið Æskulýðsmót Léttis og Funa. Við höfum haldið þetta mót nú í nokkur ár í samstarfi við Funa. Mótið verður alltaf stærra og stærra og er það bara frábært. Veðurspáin var þó ekki góð fyrir mótið en það kom ekki að sök því stemmingin var góð og skemmtu sér allir vel. Við horfðum til Skógarhólamótsins þegar við héldum þetta mót í fyrsta sinn. Er þetta mót fyrst og fremst hugsað sem skemmtun sem allir geta tekið þátt í. Þarna er farið í ratleiki, þrautabrautir, fótbolta og fl. Svo er að sjálfsögðu varðeldur og brekkusöngur. Þrátt fyrir örlitla snjókomu (höglin voru á stærð við sykurmola) í hópreiðtúrnum var verðir gott og þökkum við öllum sem komu.



við varðeldinn




Pollaflokkur

September

Þann 10. September var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga. Að þessu sinni ákváðum við að hafa hátíðina í reiðhöllinni og hafa bara hamborgaraveislu á vægu verði, svona í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Óhætt er að segja að þetta mæltist vel fyrir og var mætingin með allra besta móti. Að vanda fengu allir krakkarnir viðurkenningu fyrir þátttökuna ásamt því að Lina veitti viðurkenningar fyrir reiðnámskeiðið og Knapamerkin. Í þetta sinn voru 4 krakkar sem gengu viðurkenningu fyrir bestu mætinguna en það voru þau, María Catharina Grós, Valþór Ingi Karlsson, Katrín Malmquist og Ríkarður Ólafsson. Það var svo Þór Ævarsson sem hlaut viðurkenningu fyrir mestu framfarirnar. Stefanía Árdís Árnadóttir var valin Knapi ársins í unglingaflokki þriðja árið í röð og Ólafur Göran Grós var Knapi ársins í barnaflokki. Eftir matinn fóru krakkarnir í fótbolta í reiðhöllinni og allir fóru heim saddir og sáttir.







Valþór, Lina, Kolbrún og María. Á myndina vantar Ríkarð.



Hópurinn 2009 fyrir utan reiðhöllina.

Með þessari mynd lýkur skýrslu Æskulýðsnefndar Léttis 2009.

Hægt er að sjá nánar um starfið hjá Létti á www.lettir.is

Við þökkum frábært samstarf og bíðum spennt eftir 2010.

F.h. Æskulýðsnefndar Léttis

Andrea Þorvaldsdóttir